

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2024.

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um áfengis- og vímuefnavarnir. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 30 - 30. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um áfengis- og vímuefnavarnir. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 30 - 30. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktuninni þá er áfengis- og vímuefnavandinn viðamikill og flókið heilbrigðismál og veldur tugum dauðsfalla á Íslandi á hverju ári. Hér á landi hefur ríkt aðhaldssöm stefna í áfengismálum í fjölda ára sem fram kemur í gildandi lögum. Árið 2013 settu stjórnvöld fram stefnu í áfengis- og vímuefnum til ársins 2020 en tók stefnan til forvarna, meðferðarúrræða, eftirfylgni í kjölfar meðferðar og endurhæfingar auk lagaramma þessara mála og varða starfsemi ríkis og sveitarfélaga, heilsugæslu, félagsþjónustu, menntakerfisins, frjálsra félagasamtaka, löggæslu og tollayfirvalda. Með stefnunni og aðgerðaáætlun sem átti að fylgja voru gefin skýr skilaboð til samfélagsins um hvert eigi að stefna og hvernig unnt sé með markvissum aðgerðum að draga úr andlegum, félagslegum og líkamlegum skaða og kostnaði einstaklinga, fjölskyldna, fyrirtækja og samfélagsins alls vegna neyslu vímuefna. Yfirmarkmið stefnunar voru:

- *Að takmarka aðgengi að áfengi og öðrum vímuefnum.*
- *Að vernda viðkvæma hópa fyrir skaðlegum áhrifum áfengis og annarra vímuefna.*
- *Að koma í veg fyrir að ungmenni byrji að nota áfengi eða aðra vímuefna.*
- *Að fækka þeim sem þróa með sér skaðlegt neyslumynstur áfengis eða annarra vímuefna.*
- *Að tryggja aðgengi fólks, sem á í vanda vegna misnotkunar eða ávana, að samfelldri og samþættri þjónustu sem byggir á bestu þekkingu og kröfum um gæði.*
- *Að draga úr skaða og fjölda dauðsfalla vegna eigin neyslu eða annarra á áfengi eða öðrum vímuefnum.*

(<https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>)

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar fram kominni þingsályktunartillögu og telur það tímabært að rýna árangur stefnunnar og leggja drög að stefnu til næstu ára. Félagið tekur undir þau sjónarmið að með skýrri stefnu megi ná betri árangri í forvörnum, bæta skilvirkni og gæði þjónustu og tryggja samþættingu og samfellu fyrir þá einstaklinga sem þurfa á aðstoð að halda. Með markvissum aðgerðum er unnt að draga úr andlegum, líkamlegum og félagslegum skaða og kostnaði. Vandinn bitnar ekki einungis á þeim einstaklingum sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda heldur snertir aðstandendur og allt samfélagið. Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni hefur notkun óþjónlegrar aukist verulega og áætlað að allt að 80 manns hafi og muni látast fyrir aldur fram á þessu ári vegna hennar. Þörf er á virkum bráðameðferðum og

samhliða þarf að tryggja aukna sérhæfða þjónustu. Taka þarf mið af breytingum í samfélaginu ásamt nýrri þekkingu og takast á við vandann með mannúð að leiðarljósi. Tryggja þarf fjármagn til málaflokksins þannig að viðeigandi úrræði taki á móti einstaklingum og aðstandendum. Einnig þarf að vanda til forvarnarfræðslu og taka mið af gagnreyndri þekkingu.

Því miður hefur undanfarin ár ratað inn á Alþingi frumvörp sem hafa verið í mótsögn við stefnu í áfengis- og vímuefnum frá 2013 og leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO). Ítrekað hefur verið bent á að áhrifaríkustu aðferðirnar til að minnka áfengisneyslu séu í höndum stjórnvalda en margar rannsóknir sýna að álagning skatta, takmörkun fjölda sölustaða og takmarkaður sölutíma virki einna best. Hafa ber í huga að í skýrslu Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar kemur fram að áfengisneysla sé á meðal þeirra 10 þátta sem hafa mest áhrif á dánartíðni Íslendinga. Þá hefur stofnunin lagt áherslu á mikilvægi þess að draga úr áfengisneyslu til að bæta heilsufar þjóða. Aldurstakmarkanir á áfengis kaupum virðast vera leið sem hefur dregið úr unglíngadrykkju auk breyttra viðhorfa í samfélaginu. Þar sem heildar áfengisneysla þjóðar hefur áhrif á heilbrigði og sjúkdóma hefur aukning eða minnkun áfengisneyslu bein áhrif á tíðni ákveðinna sjúkdóma og dauðsfalla. Ákvarðanir stjórnvalda verða að byggja á bestu þekkingu, núverandi fyrirkomulag hefur gefist vel og almenn sátt ríkt um það. Frumvarp sem stuðlar að frjálsum verslun með áfengi er í andstöðu við bestu þekkingu og áform um að bæta lýðheilsu þjóðarinnar, þjóðar sem hefur vakið athygli á heimsvísu vegna árangurs í áfengis- og tóbaksvörnum.

Félagsráðgjafafélag Íslands styður framkomna þingsályktunartillögu. Margir félagsráðgjafar hafa sérhæft sig í vinnu með fólki sem glímur við áfengis- og vímuefnavanda auk þess sem flestir félagsráðgjafar koma að málefnum þessa hóps í á margvíslegum vettvangi félagsráðgjafar. Innan félagsins býr því yfirgrípsmikil þekking á þessu sviði og geta félagsráðgjafar lagt mikið af mörkum í þá vinnu sem framundan er, hljóti þingsályktunartillagan brautargengi. Félagssráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir og taka þátt í frekari vinnu vegna tillögunnar sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Félagssráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður